

Stutt yfirferð á matsblöðum í ePortfolio **fyrir sérnámsgrunnskæna**

Í marklýsingu er tilgreindur lágmarksfjöldi matsblaða fyrir hvern sérnámsgrunnskæni (SGL) á hverju námsári. Við minnum SGL á að óska ætíð eftir endurgjöf á starfstengda þætti fyrirfram svo að matsaðili sé undirbúinn og geti fylgst með. Ef SGL er að vinna að því að bæta einhvern ákveðinn þátt í sínu starfi er sjálfsagt að óska eftir að matsaðili gefi ákveðnum atriðum gaum. Öll matsblöð renna út eftir fjórar vikur í ePortfolio og hvetjum við því SGL til að senda áminningu á ef matsblöð eru að renna út og matsaðili á eftir að svara.

Vinnutengd matsblöð eru:

MCR (Multiple Consultant Report)

Sérfræðingsmatsblað er sýn sérfræðilæknis á frammistöðu SGL. Þetta matsblað gefur góða innsýn í frammistöðu og á að sýna hvaða færniþættir námslæknisins eru sterkir og hverja þarf að bæta. Lágmarkið eru sjö fyrir spítalahluta sérnámsgrunnskársins.

MCR-matsblöðin getur SGL skoðað með sínum handleiðara og mikilvægt að vinna með þau atriði sem bent er á að SGL sé undir viðmiðunarmarkmiði (below expectations of training).

TAB (Team assessment behavior)

Endurgjöf til SGL um færni í samskiptum og teymisvinnu. Hér er verið að meta: „Attituded and/or behaviour“, „Verbal communication skills“, „Team-working /working with colleagues“, „Accessibility“. SGL sendir út u.þ.b. 16-20 beiðnir um mat á starfsfólk og þarf að fá minnst 10 svör, þar af 3 frá sérfræðilæknum til að það sé gilt. Öll svör verða að berast á innan við þriggja mánaða tímabili. Það má senda á aðra sérnámslækna, SGL, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, lyfjafræðinga, ritara, eða hvern sem er á deildinni. Gera þarf eitt MSF á ári og SGL þurfa að fylgjast með því að svör berist og vera tilbúnir að hvetja samstarfsmenn til að svara innan tímamarka. Athugið að þessi matsblöð renna út eftir 4 vikur og getur því þurft að endursenda þau.

Þegar viðeigandi fjöldi matsblaða hefur skilað sér biður SGL handleiðara að útbúa „Summary TAB“ í ePortfolio. Mikilvægt að handleiðari og SGL ræði niðurstöðurnar saman og að SGL geri gjarnan ígrundun (reflection)/PDP eftir slíkt mat.

mini-CEX (Clinical Evaluation Exercise)

Notað fyrir endurgjöf á tiltekinn þátt læknisstarfsins sem **læknir fylgist með** en grípur ekki inn í. Sem dæmi má nefna að meta sjúkling með nýjan brjóstverk; gefa sjúklingi leiðbeiningar um meðferð; stjórna fjölskyldufundi; eða framkvæma klínísku skráningu. Strax eftir samtalið á að ræða við sérfræðilækni um rannsókn- og meðferðaráætlun og gott að gera blaðið strax í ePortfolio. Sérfræðilæknir metur samskipti, töku sjúkrasögu, skoðun og fyrstu uppvinnslu sem SGL velur. Tekur 5-10 mínútur.

CbD (Case-based Discussion)

Velja á erfið og flókin tilfelli þar sem kannski er ekki aðeins ein rétt leið. SGL lætur sérfræðilækni vita fyrirfram (nokkrum dögum áður) og undirbýr sig fyrir fundinn. Tilfellið er rætt ítarlega, hvað fór vel og hvað mátti gera betur. Meðferðarval, forgangsörðun og fagmennska við ákvarðanatöku metnar af sérfræðilækni. Gjarnan má gera PDP (personal development plan) eftir slíkt mat til að taka á þeim þáttum sem sérnámslækir þarf að kynna sér betur. Tekur 20-30 mínútur.

DOPS (Direct Observation of Procedural Skills)

Mat á **öllum** inngripum sem SGL gerir. Fylgst er með mörgum þáttum eins og hvernig inngripið er framkvæmt og horft eftir því hvort SGL skilji ábendingar, þekki til líffærafræðinnar sem tengist inngripinu og tæknina sem notuð er við inngripið; hvort fengið sé upplýst samþykki frá sjúklingi; hvernig undirbúningur SGL fyrir inngripið er; hvort staðdeyfing sé framkvæmd á viðunandi hátt; hvort gætt sé að smitvörnum; hvort leitað sé aðstoðar þegar við á; og hvort vöktun og meðferð eftir inngripið sé rétt. Einnig er horft til samskiptaferni meðan á inngripinu stendur og fagmennsku sérnámslæknisins.

Developing the clinical teacher

Þetta matsblað er notað til að gefa staðlaða endurgjöf fyrir kennslu SGL. Hvort sem hún er í fyrirlestraformi eða þegar verið er að kenna í minni hópum, t.d. á stofugangi.

Önnur skjöl sem sérnámslæknir getur nýtt sér til að staðfesta námsframvindu:

Ígrundanir (Reflections)

Regluleg ígrundun SGL er mikilvægur þáttur í þroskaferlinu í átt að því að verða „self-directed professional learner“. Með ígrundunum getur SGL fundið atriði sem hann getur gert að SMART-námsmarkmiðum og gjarnan má koma slíkum markmiðum inn í PDP. Ígrundun eru hjálpleg til að meta eigin þekkingu og hjálpa SGL að tækla erfiðar aðstæður. Sérnámslæknar eru hvattir til að ígrunda fagmennskuþætti starfsins og aðra námsþætti ekki síður en klínísk áhugaverð tilfelli.

Auk staðfestingarskjala um námskeið og aðra fræðslu sem SGL hefur sótt á námsárinu.

Inga Sif Ólafsdóttir, (ingasif@landspitali.is)

yfirlæknir sérnámsgrunnskæna á Landspítala og formaður í nefnd um sérnámsgrunn.